

Umferðaröryggisáætlun fyrir Akraneskaupstað

Yfirlit yfir verkefnið

Samningur við Umferðarstofu, sem núna er Samgöngustofa, um gerð umferðaröryggisáætlun fyrir Akraneskaupstað, var gerður í desember 2009. Samráðshópur var stofnaður í desember 2010. Unnuð við að setja upp skýrslu 2015.

Í október 2015 var verkefnið endurskoðað og þá m.t.t. hvernig unnið var úr gögnum, sem safnað hafði verið. Samráðshópur hélt fjóra fundi frá nóvember 2015 til apríl 2016.

Verkefnið var kynnt fyrir skipulags- og umhverfissviði í mars 2016. Skýrsludrög voru lögð fram í byrjun maí 2015. Á fundi hjá ráðinu 09.08.2016 var farið yfir skýrsluna og lagt til að skýrslan færi til umsagnar hjá Samgöngustofu. Á fundi skipulags- og umhverfisráðs 25.08.2016, var ályktað að taka skyldi tillit til ábendinga frá Samgöngustofu og vísa málinu til bæjarstjórnar.

Vinnu við skýrsluna lauk um mánaðarmótin október – nóvember 2016.

Um skýrsluna

Upplýsingar voru unnar úr eftirfarandi gögnum:

- Slysaskráningu Samgöngustofu fyrir tímabilið 2008 – 2014.
- Ábendingum frá íbúum, gegnum heimasíðu kaupstaðarins 2015.
- Niðurstöður hraðamælinga frá 2008 – 2010.
- Áhættumat fyrir strætó á Akranesi, frá nóvember 2011.
- Annað.

Áhersluatriði sem unnið var með voru:

- Óvarðir vegfarendur, þ.e. gangandi- og hjólandi vegfarendur.
- Aðstæður gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Fá yfirlit um eðli slysa og óhappa.
- Finna og greina staði þar sem óhöpp og slys eru algeng.
- Fara yfir og fjalla um ábendingar íbúa í skýrslu.

Framsetning í skýrslu:

- Inngangur: Kynning á verkefninu.
- Niðurstöður: Fjallað um niðurstöður vinnunnar.
- Áherslur: Fjallað um efnisatriði þar sem úrbóta er þörf. Verkefnum raðað eftir mikilvægi. Áhersla á óvarða vegfarendur, sérstaklega í umhverfi skóla.
- Umfjöllun: Almenn umfjöllun um svæði / götur, eins og upplýsingar vísa til.
- Gagnavinnsla: Yfirlit um hvernig upplýsingar voru unnar úr gögnum.
- Niðurlag.

Helstu niðurstöður eru m.a.:

- Óhöpp á bílastæðum og að ekið sé á hluti eða kyrrstæða hluti er í um 20 – 49 % tilfella.
- Árekstur eða útafakstur var í um 22 – 48 % tilfella, yfir tímabilið 2008 – 2014.
- Tilfelli þar sem ekið var á óvarða vegfarendur var í um 4 – 8 % óhappa á ári yfir tímabilið.
- Flest umferðaróhöpp urðu á og við Esjubraut.
- Þau gatnamót þar sem umferðaróhöpp urði flest yfir tímabilið, eru gatnamót Esjubrautar og Kalmansbrautar.
- Segja má að reglur um hámarkshraða 50 km / klst. séu almennt virtar, þó undantekningar séu. Það er hinsvegar staðreynd sem blasir við að aðstæður, umhverfi og umferð er víða með þeim hætti að akstur með allt að 50 km á klst. hraða getur valdið verulegri hættu. Nauðsynlegt er að lækka leyfðan hámarkshraða niður í 30 km á klst. víða í bænum.
- Gera þarf heildarskipulag um megin gönguleiðir um bæjarfélagið og gera þær eins öruggar og kröfur eru gerðar um. Einnig þarf heildarskipulag um öruggar hjólaleiðir um bæjarfélagið, sérstaklega í eldri hluta bæjarins. Það ætti að vera markmið bæjaryfirvalda að tryggja öruggt aðgengi að helstu stöðum og milli bæjarhluta fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Fagaðilar sem vinna að umferðaröryggismálum hafa lagt til að við gerð umferðarmannvirkja hjá sveitarfélögum séu útfærslur á þeim sem mest eins eða sem líkastar í bæjarfélaginu og einnig milli sveitarfélaga.

Dæmi um mikilvæg verkefni sem þarf að huga að eru m.a.:

- Leið skólabarna frá Brekkubæjarskóla að Bjarnalaug.
- Útfæra og lagfæra gangbrautir og götu til að auk öryggi gangandi vegfarenda á Ketilsflötu við leikskólann Akrasel.
- Útfæra og lagfæra gangbrautir og götu til að auk öryggi gangandi vegfarenda á Skarðsbraut við leikskólann Vallarsel.
- Göngu og hjólaleiðir að Brekkubæjarskóla og Íþróttahúsi.
- Lagfæra Esjubraut, m.a. að endurgera gatnamót Esjubrautar og Kalmansbrautar og einnig gatnamót Esjubrautar, Dalbrautar og Smiðjuvalla.
- Útfæra svæði þar sem lækka þarf hámarkshraða.

Febrúar 2017

Jón B. Ólafsson

Umferðaröryggisáætlun – starfshópur, málsnúmer 1310152 í „One“